



## Fundargerð stjórnar Foreldrafélgs Akurskóla

Haldinn 19. apríl 2011 kl.20:00 í Akurskóla

Mættir: Elísabet Kjartansdóttir, Guðmunda Hergeirsdóttir og Guðmundur Þórðarson. Katrín Jóna úr Fagráði sat fundinn.

1. Fagráð. Hefur fundað 2-3 í vetur vegna bréfaskrifta til löglreggu og skipulagssviðs Rnb. varðandi umferðamál, einnig skoðað skólanámsskrá fyrir næsta starfsár. Rætt um hver þörfin sé fyrir fagráð. Fundarmenn sammála um að fella megi fagráð í stjórn FFA og gera lagabreytingar þess efnis.
2. Undirbúningur fyrir aðalfund.
  - Fundur færður til 24. maí svo formaður geti sótt fundinn.
  - Rætt um lagabreytingar, Guðmunda ætlar að undirbúa þær.
  - Skýrsla stórnar, Guðmunda ætlar að taka saman.
  - Kosning stjórnar, kjósa þarf 3 stjórnarmenn, Hulda Klara hættir, Katrín Jóna er tilbúin að gefa kost á sér. Spyrja stjórnarmenn sem komu inn í haust hvort þeir gefi kost á sér til næstu tveggja ára.
  - Hækka félagsgjöld í 1500 kr.
  - Ársreikningar, að Hulda hafi þá tilbúna 10 dögum fyrir fund svo hægt sé að endurskoða þá í tíma.
  - Gefa út fréttabréf með löglegri fundarboðun, Guðmunda tekur að sér með ritnefnd.
  - Ath hvort Erla taki að sér fundarstjórn.
  - Rætt um hvort eigi að setja í lög FFA að fulltrúi félagsins í Skólaráði þurfi að vera stjórnarmaður. Engin ákvörðun tekin.
3. Ný stjórn fundi í byrjun júní og verkefni nýrrar stjórnar verði m.a.:
  - Taka saman árlega styrki, gera fjárhagsáætlun.
  - Gera skrá og verklýsingar fyrir árlega viðburði.
  - Leggja drög að dagskrá næsta skólaárs, nóg að hafa 2 opna fundi, einn að hausti og einn að vori.
  - Uppfæra foreldrahandbók með það að markmiði að einfalda og stytta boðleiðir.
4. Drög að nýrri aðalnámskrá eru komin, Elísabet ætlar að renna yfir þau.

5. Bókasöfnun. Dagur bókarinnar ber upp á laugardag í páskafríi. Ákveðið að fresta bókasöfnun þar til eftir páska. Gott að minna á bókaávisanir í þessa söfnun.
  
6. Önnur mál:
  - Framkvæmd páskabingós í ár. Mjög illa gekk að fá bekkjarfulltrúa og aðra foreldra til að taka þátt í undirbúningi og verkið lenti á fárra höndum. Hvað veldur? Hámarkstími ætti að ver 1 klst. Næst mætti selja spjaldið á 200 kr. Einnig að huga að skammarverðlaunum. Yngstu nemendum, sérstaklega, finnst sárt að vera vísað frá ef fleiri en einn hefur fengið bingó.
  - Árshátíð. Salur skólans er sprungin þyrfti að flytja í íþróttasal. Einhverjir skólar(Holtaskóli) eiga svið og hafa verið tilbúnir að lána öðrum skólum. Hugmynd að kaffihúsastemningu eftir árshátíðaratriði nemenda þar sem allir koma saman óháð bekkjardeild, frábrugðið því sem verið hefur.

Fundi slitið.

Fundarritari: Guðmunda Hergeirsdóttir